

Grænfánafundur 25. sept. 2019



Allur Fílahópur var mættur ásamt Sigurbjörgu grænfánastjóra.

Það var blautt á og þungbúið þegar lagt var af stað út í náttúruna í leit að fallegum fundarstað.

Sólin gerði tilraunir til að komast í gegnum skýin og kasta geislum sínum á polla sem börnin gátu

speglað skuggann sinn í.



Hópurinn gekk í átt að Eiðisvatni og fann góðan stein sem létt var að setjast á.

Verkefni fundarinnar var að varpa fram spurningunni hvað er vatn og skrá niður hugmyndir barnanna.

Niðurstöður: Sem drekkur. Það búa fiskar. Þar á kolkrabbi heima. Sem hafmeyja á heima. Sjór

Þar sem hvalur á heima. Það er rör í jörðinni sem dregur vatnið Þar eru veiddir fiskar

Eftir þessa umræður sagði kennarinn að vatn væri vökvi með enga lykt og ekkert bragð og næstum því lítilaus og væri lífsnauðsynlegur öllum lífverum. Minnti svo á að vatn væri besti svalardrykkurinn.

Við þetta sköpuðust fjörugar umræður.

Fundi var slitið og fengu börnin að leika sér í móunum, en mest spennandi var að klifra á stóra steininum.

Sigurbjörg grænfánastjóri



Grænfánafundur 28. október 2019

Veðrið var stillt og fallet þegar við fórum að leyta að fundarstað fyrir annan grænfánafund. Það var svolítið frost og næturvindurinn hafði skilið eftir sig snjófúk á gangstéttinni. Ferðinni var heitið að svellinu. Þegar þangað var komið stilltum við okkur upp fyrir myndatöku og veltum fyrir okkur spurningunni „Hvaðan kemur vatnið og af hverju kemur svell“. Börnunum þótti erfitt að svara þessu en þessar hugmyndir komu fram.

Það kemur úr skýjunum.

Rigning.

Bara vatn.

Kemur útaf skýjunum.

Kemur úr fjöllum.

Veit ekki.

Rigninu.

Flest voru sammála um að svellið væri útaf snjónum og að það væru
búið til úr snjó og vatni.



Það var gaman að renna sér á svellinu





Við fundum steina lauf og greinar undir svellinu